

BORGARRÁÐ 24. nóvember 2022: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um kostnað vegna Klapp greiðslukerfis - MSS22110212

Flokkur fólksins óskar upplýsinga um kostnað lykilbúnaðs greiðslukerfis Strætós, skannar Klapp-apps sem notaðir eru í vögnunum og sem nú hefur verið lýst sem ónothæfum og stendur til að skipta út. Hver var heildarkostnaður á þessum búnaði með öllu tilheyrandi? Óskað er sundurliðunar á helstu þáttum. Er það fjármagn sem farið er í Klapp kerfið með öllu tapað? Hvað tekur nú við hvað varðar greiðslukerfi, verður farið aftur í strætómiðana? Er Strætó bs. að stefna í gjaldþrot? Það virðist ekki lát á ógöngum Strætó bs. Enn ein alvarleg mistök virðast hafa verið gerð með kaupum og innleiðingu á greiðslukerfi Strætós bs., þetta kom fram í kynningu Strætó á ársfundi byggðasamlagsins, Sorpu og Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins (SHS). Flokkur fólksins hefur margsinnis bent á að í fyrsta lagi var tímasetning þessarar fjárfestingar algerlega út úr kortinu vegna slæmrar fjárhagsstöðu Strætó. Klappið hefur þess utan valdið ákveðnum hópi ómældu tjóni og skemmst að minnast fréttu um vandamál með notkun Klappkerfisins ef fólk getur ekki notað rafræn auðkenni. Fram hafi komið í kynningu stjórnenda á ársfundinum að félagið væri á mörkum þess að vera rekstrarhæft og að félagið hafi ekki átt fyrir reikningum fyrir síðustu helgi. Ljóst er að komið er að einhverjum vatnaskilum með almenningssamgöngur í Reykjavík sem fram til þessa hafa hvorki verið fugl né fiskur.